

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 20. júlí 1998

um sameiginlega tækniforskrift fyrir kröfur varðandi tengingu endabúnaðar við hliðræn almenn sjálfvirk talsímakerfi (PSTN) (að frátöldum endabúnaði sem er gerður fyrir talsímabjónustu byggða á rökstuddum tilvikum), þar sem númeraval innan kerfisins, ef boðið er upp á það, er með tónvali (DTMF-merkjasendingu) (*)

(98/482/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/13/EB frá 12. febrúar 1998 um endabúnað til fjarskipta og búnað fyrir gervihnattajarðstöðvar og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra (¹), einkum öðrum undirlíð 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvæði um það fyrir hvaða gerð endabúnaðar sé krafist sameiginlegrar tækniforskriftar svo og tilheyrandi yfirlýsingu um gildisvið.

Samþykkja ber samsvarandi samhæfða staðla, eða hluta þeirra, til framkvæmdar grunnkröfunum sem breyta á í sameiginlegar tækniforskriftir.

Á 20. öldinni hafa orðið stöðugar tækniframfarir hvað varðar almenn innlend símakerfi en þar sem að tæknin þróadist upphaflega einangrað á hverjum stað mun umtalsverður munur verða á tækni milli kerfa enn um sinn.

Munur er á tækni hvað varðar almenn sjálfvirk talsímakerfi (PSTN) og þeim mun, sem hefur mesta þýðingu, er lýst í ráðgefandi leiðbeiningarití Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu (ETSI) EG 201 121.

Beiting þessara ráðgefandi upplýsinga er valfrjáls og getur innihaldið nýtsamar upplýsingar fyrir framleiðandann.

Tilkynntir aðilar skulu því tryggja að framleiðendur viti af viðeigandi beitingu leiðbeiningaritsins vegna sértækra krafna ákveðinna netkerfa.

Áfram er heimilt að viðurkenna endabúnað samkvæmt innlendum reglugerðum á meðan á aðlögunartímabili stendur.

Framleiðendur skulu láta greinargerð fylgja öllum vörum sem eru viðurkenndar samkvæmt þessari ákvörðun. Framleiðendur skulu gefa yfirlýsingu um netsamhæfi. Tilkynntir aðilar skulu sjá til þess að framleiðendur viti af þessum skyldum. Tilkynntir aðilar skulu upplýsa aðra tilkynnta aðila um yfirlýsingar um netsamhæfi þegar viðurkenning er veitt búnaði samkvæmt þessari ákvörðun.

Áfram er heimilt að markaðssetja og taka í notkun endabúnað sem þessi ákvörðun gildir um og er viðurkenndur samkvæmt þessari ákvörðun fyrir lok aðlögunartímabilsins.

Ekkert álit hefur komið frá samþykkisnefnd endabúnaðar (ACTE), sem er skipuð samkvæmt 28. gr. tilskipunar 98/13/EB, um sameiginlegu tækniforskriftina sem þessi ákvörðun tekur til. Framkvæmdastjórnin lagði þessa tillögu um aðgerðir, sem grípa þarf til, fyrir ráðið í samræmi við 3. mgr. 29. gr. tilskipunar 98/13/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi ákvörðun gildir um búnað sem ætlaður er til tengingar sem stakur endabúnaður gegnum tveggja víra aðgang að hliðrænni PSTN-línu við endapunkt netsins og fellur innan gildissviðs samhæfða staðalsins sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

2. Með þessari ákvörðun er kveðið á um sameiginlega tækniforskrift fyrir kröfur varðandi tengingu endabúnaðar við hliðræn almenn sjálfvirk talsímakerfi, sem um getur í 1. mgr. Þessi ákvörðun nær ekki yfir kröfur sem varða samvirkni endabúnaðar um fjarskiptanetið eins og tilgreint er í g-lið 5. gr. í tilskipun 98/13/EB.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 216, 4.8.1998, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(¹) Stjtið. EB L 74, 12. 3. 1998, bls. 1.

2. gr.

1. Sameiginlega tækniforskriftin tekur til samhæfða staðalsins sem hlutaðeigandi staðlastofnun hefur samið til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í d- og f-liðum 5. gr. tilskipunar 98/13/EB. Tilvísun í staðalinn er að finna í I. viðauka.

2. Endabúnaður, sem fellur undir þessa ákvörðun, skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfurnar sem um getur í a- og b-lið 5. gr. tilskipunar 98/13/EB, og uppfylla kröfur allra annarra gildandi tilskipana, einkum tilskipunar ráðsins 73/23/EBE frá 19. febrúar 1973 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka ⁽²⁾ og tilskipunar ráðsins 89/336/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafsegulviðssamhæfi ⁽³⁾.

3. gr.

1. Tilkynntir aðilar, sem eru tilnefndir til að koma í framkvæmd málsmeðferð sem um getur í 10. gr. tilskipunar 98/13/EB, skulu, að því er varðar endabúnað sem 1. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar gildir um, beita viðeigandi hlutum samhæfða staðalsins, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar.

2. Tilkynntir aðilar skulu sjá til þess:

- (a) að framleiðendur eða aðrir umsækjendur um viðurkenningu hafi vitneskju um ráðgefandi upplýsingar sem eru í leiðbeiningariti ETSI EG 201121 þar á meðal þær breytingar sem kunna að verða, og

(b) að framleiðendur hafi vitneskju um að þeim ber skylda til að festa tilkynningu, eins og þá sem er sýnd í II. viðauka, á allar vörur sem eru viðurkenndar samkvæmt þessari ákvörðun, og

(c) að framleiðendur gefi yfirlýsingu eins og þá sem sýnd er í III. viðauka.

3. Tilkynntir aðilar skulu upplýsa aðra tilkynnta aðila um yfirlýsingar um netsamhæfi þegar viðurkenning er veitt samkvæmt þessari ákvörðun.

4. gr.

1. Áfram er heimilt að veita gerðarviðurkenningu búnaði, sem fellur undir samhæfðu staðlana sem um getur í 1. mgr. 2. gr., í 15 mánuði eftir að þessi ákvörðun er samþykkt.

2. Áfram er heimilt að markaðssetja og taka í notkun endabúnað sem viðurkenndur er samkvæmt slíkum innlendum reglum um gerðarviðurkenningu.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. júlí 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

W. MOLTERER

forseti.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 77, 26. 3. 1973, bls. 29. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 93/68/EBE (Stjtið. EB L 220, 30. 8. 1993, bls. 1).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 139, 23. 5. 1989, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 93/68/EBE (Stjtið. EB L 220, 30. 8. 1993, bls. 1).

*I. VIÐAUKI***Tilvísun í gildandi samhæfðan staðal**

Samhæfði staðallinn, sem vísað er til í 2. gr. ákvörðunarinnar, er:

‘Attachment requirements for pan-European approval for connection to the analogue Public Switched Telephone Networks (PSTNs) of TE (excluding TE supporting the voice telephony service) in which network addressing, if provided, is by means of Dual Tone Multi Frequency (DTMF) signalling’.

„Tengikröfur fyrir endabúnað (að frátöldum endabúnaði fyrir talsímaþjónustu) sem notar tónval (DTMF-merkjasendingu) við númeraval, ef boðið er upp á það, með tilliti til samevrópsks samþykkis þess að búnaðurinn sé tengdur við hliðrænu almennu sjálfvirku talsímakerfin (PSTN).“

ETSI**Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu****Aðalskrifstofa ETSI**

TBR 21: janúar 1998

(að undanskildum formla)

VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða ⁽¹⁾.

Samhæfði staðallinn, sem vísað er til hér að framan, er saminn samkvæmt umboði sem gefið er út í samræmi við viðeigandi málsmeðferðarreglur tilskipunar 83/189/EBE.

Unnt er að fá orðrétta texta framangreinds samhæfðs staðals með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu,
650, route des Lucioles,
F-06921 Sophia Antipolis Cedex
Frakklandi

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna,
DG XIII/A/2 — (BU 31, 1/7)
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B-1049 Bruxelles/Brussel

eða einhverrar annarrar stofnunar sem annast afhendingu ETSI-staðla en skrá yfir þær stofnanir má finna á Netinu á slóðinni www.ispo.cec.be.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.

*II. VIÐAUKI***Texti tilkynningarinnar sem framleiðendur skulu láta fylgja vörum sem eru samþykktar samkvæmt þessari ákvörðun**

„Búnaðurinn hefur verið viðurkenndur í samræmi við ákvörðun ráðsins 98/482/EB fyrir samevrópska tengingu staks endabúnaðar við almenna sjálfvirka símkerfið (PSTN). Vegna þess að munur er á almennum sjálfvirkum símkerfum frá ólíkum löndum gefur viðurkenningin sjálf ekki skilyrðislausu tryggingu fyrir því að hann geti starfað eðlilega á öllum endastöðvum almennu sjálfvirku símkerfanna.

Ef vandamál koma upp er rétt að hafa fyrst samband við söluaðila búnaðarins.“

Ath.: Framleiðandinn skal tryggja að seljandi og notandi búnaðarins geti fengið nægar upplýsingar um það sem að framan greinir á umbúðum og/eda í notendahandbókum eða með annars konar upplýsingum fyrir notendur.

*III. VIÐAUKI***Yfirlýsing um netsamhæfi frá framleiðanda til tilkynnts aðila og sölumanns**

Í þessari yfirlýsingu skal tilgreina þau kerfi sem búnaðurinn er hannaður til að tengjast og öll tilkynnt kerfi þar sem erfiðleikar geta skapast við að láta búnaðinn og kerfið vinna saman.

Yfirlýsing um netsamhæfi frá framleiðanda til notanda

Í þessari yfirlýsingu á að tilgreina þau kerfi sem búnaðurinn er hannaður til að tengjast og öll tilkynnt kerfi þar sem erfiðleikar geta skapast við að láta búnaðinn og kerfið vinna saman. Framleiðandinn skal einnig taka það skýrt fram hvort netsamhæfi er háð stillingum búnaðar og hugbúnaðar. Þar skal einnig hvetja notandann til að hafa samband við seljanda ef ætlunin er að nota tækið með öðru kerfi.
